



# GLATT Á HJALLA

FRÉTTABRÉF HJALLASAFNAÐAR



**Sunnu-  
dagaskóli**



**Lát trú þína  
bera ávöxt**

**Tólf sporin  
andlegt ferðalag**




**Opið hús -  
öldrunarstarf**

**Helgihald -  
messuhópar**



**Tónlistarstarf  
haustið 2009**



Glatt á Hjalla  
2. tbl. 18. árg. 2009.

Ritstjóri og ábygdarmaður: Sr. Íris Kristjánsdóttir  
Umbrot og prentun: Svansprent.  
Upplag: 2800 eintök.

Hjallakirkja:  
Álfheiði 17, 200 Kópavogur  
Sími: 554-6716  
Myndsendir/fax: 564-4201  
Vefang: [www.hjallakirkja.is](http://www.hjallakirkja.is)  
Netfang: [hjallakirkja@hjallakirkja.is](mailto:hjallakirkja@hjallakirkja.is)  
Almennur opnunartími kirkjunnar er þriðjudaga til fimmtudaga frá 10 til 16 og föstudaga kl. 11-14.

2

Organisti og kórstjóri: Jón Ólafur Sigurðsson (s: 899-8965, netfang: [jon@hjallakirkja.is](mailto:jon@hjallakirkja.is)) Kirkjuvörður: Inga Hrönn Pétursdóttir (hs. 554-4192, 867-0007, netfang: [inga@hjallakirkja.is](mailto:inga@hjallakirkja.is)). Meðhjálpari: Ingunn Hlín Jónasdóttir.

Prestar kirkjunnar, Íris Kristjánsdóttir (netfang: [iris@hjallakirkja.is](mailto:iris@hjallakirkja.is)) og Sigfús Kristjánsson (netfang: [sigfus@hjallakirkja.is](mailto:sigfus@hjallakirkja.is)) eru með símaviðtalstíma á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 11-12. Viðtalspantanir eru á opnunartíma kirkjunnar.

Jón Ólafur Sigurðsson, organisti og kórstjóri, er með viðtalstíma á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 11-12.

Práinn Haraldsson, æskulýðsfulltrúi (netfang: [thrainn@hjallakirkja.is](mailto:thrainn@hjallakirkja.is)), er með viðtalsíma á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 11-12.

Glatt á hjalla er fréttabréf Hjallasafnaðar og er dreift í hvert hús í sókninni. Í fréttabréfinu að þessu sinni er kynning á vetrarstarfinu og því sem framundan er í starfi kirkjunnar. Geymið fréttabréfið og takið virkan þátt í starfinu.

## Sunnudagaskóli

Sunnudagaskólinn eða barnaguðsþjónustur eru í Hjallakirkju hvern sunnudag kl. 13. Þar eru sagðar skemmtilegar og myndrænar sögur úr Biblíunni, söngvar sungnir og farið í leiki.

Eins og í fyrra er yfirskrift efnisins í vetur Miðlum fjársjóði. Börnin eru leidd inn í ævintýraheim fjársjóðskistunnar þar sem sjálfur fjársjóðurinn er boðskapur kristinnar trúar. Á hverjum sunnudegi er svo Fjársjóðskistan opnuð og dýrmætur fjársjóður tekinn upp. Þau sem mæta í sunnudagaskólann fá að gjöf frá kirkjunni fallega möppu sem þau fylla með sögum úr Biblíunni. Hvern



sunnudag fá þau eina sögu sem sett er í möppuna.

Foreldrar eru hvattir til að kíkja við í kirkjuna á sunnudögum með börnum sínum. Fyrsti sunnudagaskóli vetrarins verður 6. september kl. 13.

## Lát trú þína bera ávöxt! Barna og æskulýðsstarf Hjallakirkju

Yfirskrift æskulýðsstarfs kirkjunnar þetta starfsárið er Lát trú þína bera ávöxt. Hún minnir okkur á þann boðskap hversu mikilvægt það er að láta gott af sér leiða. Það eru sérstakir tímar í íslensku þjóðfélagi í dag og þessi boðskapur á því vel við, það skiptir máli að við öll látum gott af okkur leiða og reynumst náunga okkar vel.

Í æskulýðsstarfinu hér í Hjallakirkju reynum við að skapa vettvang fyrir heilbriggt og gott félagstarf sem hefur gott forvarnargildi og miðlar hinum sístæða boðskap um Jesús Krist, frelsara mannanna. Þannig viljum við taka á móti hverjum og einum sem til okkar leitar, veita skjól og næringu. Það á því ekki einungis að vera skemmtilegt í barna og æskulýðsstarfinu hér í kirkjunni heldur einnig uppbyggjandi fyrir alla sem að taka þátt.

Barna og æskulýðsstarfið fer fram í fjórum aldurskiptum hópum:

Kirkjuþrakkarnar eru fyrir 6-9 ára börn og fara fundir fram hér í kirkjunni á fimmtudögum kl. 16-17. Að auki verður starf fyrir 6-9 ára krakka í Snælandsskólalhverfi í Snælandsskóla á þriðjudögum kl. 16-17. Á fundum er ýmislegt gert, fönðrað, litað, spilað, farið í leiki, sungið og börnin heyra biblíusögu.

Ævintýraklúbbur Hjallakirkju er fyrir

10-12 ára og eru fundir á mánudögum kl. 16:00-17:00. Dagskráin í vetur verður ævintýraleg en þess á milli ætlum við að leika okkur í kirkjunni.

Æskulýðsfélagið fyrir unglunga starfar í tveimur deildum. Yngri deild fyrir krakka í 8. bekk sem hittast á fimmtudögum kl. 20:00-21:30 og eldri deild fyrir 9-10. bekk sem hittast á mánudögum kl. 20:00-21:30.

Dagskráin er miðuð við hvern aldurs-hóp fyrir sig og er jafnan spennandi og skemmtileg. Á hverjum fundi er svo helgistund þar sem farið er í kirkjuna, sögð biblíusaga, sungið og beðið.

Við hvetjum sem flesta til að taka þátt í heilbrigðu og skemmtilegu barna og unglingastarfi kirkjunnar. Einnig hvetjum við foreldra til að hafa samband við kirkjuna og leita upplýsinga um starfið ef einhverjar spurningar vakna.

## Fermingarstarf

Enn á ný tókum við á móti hópi fermingarbarna sem ákveðið hefur að fermast í kirkjunni. Fræðslan hófst í ágúst þar sem um 75 fermingarbörn voru þátttakendur og fleiri bætast við í haust. Þau sem hafa ekki skráð sig í fræðsluna en vilja taka þátt geta skráð sig með því að hafa samband á opnunartíma kirkjunnar, þriðjudaga



til fimmtudaga kl. 10-16, föstudaga kl. 11-14.

Ákveðið hefur verið að þau sem hefja fræðslu í september mæti þrisvar sinnum í september til að ná krökkunum sem sátu ágústnámskeiði. Þau munu svo sameinast ágústhópunum í október. Nánari upplýsingar um mætingartíma er að finna á heimasíðu kirkjunnar, hjallakirkja.is.

Ákveðnir hafa verið fermingardagar árið 2010: Fermt verður sunnudagana 11. apríl, fyrir og eftir hádegi, og 18. apríl, fyrir og eftir hádegi. Þá verður einnig boðið upp á fermingu í messu annan í Hvítasunnu, 24. maí kl. 11.

## Fjölskyldumorgnar

Fjölskyldumorgnar hefja aftur göngu sína nú í haust, hvern miðvikudag kl. 10-12. Allir foreldrar ungra barna eru velkomnir. Boðið upp á ávexti á hverri samveru. Annan eða þriðja hvern fjölskyldumorgun fáum við heimsókn frá aðilum með fræðslu eða kynningu á ýmsum efnum er tengjast börnum og barnauppleði. Þarna gefst gott tækifæri til kynnst aðrum og eiga góðar stundir í vinalegu umhverfi. Fyrsta samveran verður miðvikudaginn 2. september n.k.

## Tólf sporin - Andlegt ferðalag

Sem fyrr verður boðið upp á Tólf spora hópstarf í kirkjunni í vetur. Hér er um að ræða áhrifaríka og góða leið til að bæta sjálfan sig og samskipti við

aðra. Sporin tólf sem margir þekja úr AA-starfinu eru notuð á þessu andlega ferðalagi sjálfskoðunar og endurhæfingar. Þetta námskeið er hins vegar ekki bundið því að fólk þekki sporin, þangað eru allir velkomnir hver sem bakgrunnur þeirra er.

Farið verður yfir kynningarefnið á fjórum fundum sem verða kl. 20 á miðvikudögum og verður fyrsti fundur þann 16. september. Á þessum fyrstu fundum er kynnt hvernig hvernig unnið er í Tólf sporunum eftir bókinni Tólf sporin – Andlegt ferðalag, og gefst fólki kostur á að átta sig á hvort þessi vinna hentar því og hvort það vilji vera með á ferðalaginu. Á fjórða fundi er ákvörðun tekin og eftir það verður hópunum lokað. Unnið er í litlum hópum. Efnið er lesið heima, spurningum svarað og síðan deilir hópurinn með sér niðurstöðunum. Lögð er áhersla á nafnleynd og trúnað. Enginn þarf að skilgreina sig fyrirfram, þ.e. enginn þarf að hafa nein skilgreind vandamál, fíkn eða slíkt heldur aðeins að langa til að auka lífsgæði sín á félagslega og tilfinningalega sviðinu. Til frekari glöggvunar er hægt að kíkja á nánara lesefni á heimasíðu okkar undir eftirfarandi slóð: <http://www.hjallakirkja.is/fraedslustarf/>. Við bendum sérstaklega á lesefnið Algengt hegðunarmynstur. Þá minnum við á heimasíðu tólf spora námskeiðanna: [www.viniribata.is](http://www.viniribata.is). Verið hjartanlega velkomnir á sporafund.

## Opið hús - öldrunarstarf

Opið hús í Hjallakirkju er samvera eldri borgara í hádeginu annan hvern



fimmtudag. Þar hittumst við í safnaðarsalnum og borðum saman hádegismat sem seldur er á vægu verði. Gjarnan er farið með gamanmál eða fengnir gestir í heimsókn á þessum stundum. Oftar en ekki kemur fyrirlestur, hugleiðing eða ferðasaga frá þátttakendum Opna hússins. Við endum svo alltaf með helgistund í kirkjunni. Miðað er við að samveran hefjist kl: 12 og ljúki svo um kl: 14.

Opið hús fram að jólum verður eftirfarandi daga: 10. og 24. september, 8. og 22. október, 5. og 19. nóvember og svo jólasamvera 3. desember.

## Helgihald í Hjallakirkju - messuhópar

Messur/guðsþjónustur eru í Hjallakirkju hvern sunnudag kl. 11. Um er að ræða fjölbreytt helgihald, alla jafnan leiðir kór kirkjunnar og organisti sálmasöng og flutning, en af og til koma barnakórar í heimsókn í messurnar. Þá mætir Þorvaldur Halldórsson einu sinni í mánuði til okkar og leikur undir og syngur svolítið aðra tegund sálma-söngs.

Í vetur er ætlunin að fara af stað með svokallaða messuhópa. Þá mun aukast þátttaka safnaðarfólks í helgihaldinu og það verður sýnilegra í öllum þáttum þess. Gert er ráð fyrir að um 5 hópar verði myndaðir með u.þ.b. 5-7 manns í hverjum. Þátttakendur munu t.d. annast ritningarlestra, undirbúa kaffi eftir messu, lesa bænir og margt fleira. Þau sem hafa áhuga á að taka þátt í messuhópi sem þessum er bent á að hafa samband við presta kirkjunnar. Allir áhugasamir á öllum aldri eru velkomnir í hópana.

# Tónlistarstarf haustið 2009

## Kór Hjallakirkju

Kór Hjallakirkju hóf æfingar þriðju-daginn 1. september og er æft öll þriðjudagskvöld. Dagskrá vetrarins er spennandi og fjölbreytt að vanda með bæði kirkjulegu og veraldlegu ívafi. Kórinn skiptir með sér mætingum í messur og hver félagi mætir að meðaltali einu sinni í mánuði. Kórinn áætla þrenna tónleika á starfsárinu. Þeir fyrstu verða 15. nóvember með úrdrætti úr Óratoríunni Messías eftir Händel, árlegir aðventutónleikar verða á sínum stað og jólasöngvar tveim vikum síðar. Um miðjan maí verða síðan vortónleikar. Auk þessa flytja kórfélagar oft ýmis minni tónverk og mótettur við messur.

Kórinn sem telur 38 féлага er fullskipaður að öðru leyti en því að hægt er að bæta við 2 – 3 tenórum en söngstjóri veitir nánari upplýsingar þar um. Formaður kórsins er Emma Eypórsdóttir.

## Tónlistarmessur

Tónlistarmessur kallast þær messur þar sem lögð er meiri áhersla á tónlist en aðra sunnudaga og er þar um að ræða ýmist hljóðfæraleik, einsöng eða kórsöng.

Í haust eru slíkar messur fyrirhugaðar:

**6. september kl. 11.** Björgvin Birkir Vilhjálmsson leikur á gítar.

**11. október kl. 11.** Sigurborg Ragnarsdóttir leikur á þverflautu.

**1. nóvember kl. 11.**

Kórfélagar flytja fallega tónlist sem tilheyrir Allra heilagra messu.

**29. nóvember kl. 11.**

Aðventutónlist.

## Tónleikar

Stefnt er að því að taka upp þá nýbreytni að bjóða upp á tónleika í Hjallakirkju einn sunnudag í mánuði, ýmist kl. 17 eða kl. 20. Orgelið verður í aðalhlutverki, en það þykir mjög vel heppnað hljóðfæri og hljómfagurt.

Sunnudaginn 13. september kl. 17. Friðrik Vignir Stefánsson leikur á orgel Hjallakirkju m.a. verk eftir Bach, Buxtehude og Mendelssohn. Friðrik var fyrsti organisti Hjallasafnaðar og er nú organisti við Seltjameskirkju. Hann mun halda tónleikaröð á nokkur orgel sem Björgvin Tómasson orgelsmiður hefur smíðað. – Ókeypis aðgangur.

Sunnudaginn 18. október kl. 17. Orgel og söngtónleikar. Flytjendur: Jón Ólafur Sigurðsson organisti Hjallakirkju og Erla Björg Káradóttir. Erla er nýkomin heim frá Salzburg eftir nokkura ára framhaldsnám í söng. – Ókeypis aðgangur.

Sunnudaginn 15. nóvember kl. 20. Úrdráttur úr óratoríunni Messías eftir Händel. Kór Hjallakirkju ásamt einsöngvurum og orgelleikara. Stjórnandi Jón Ólafur Sigurðsson. – Aðgangseyrir.

Sunnudaginn 6. desember kl. 20. Aðventutónleikar Kórs Hjallakirkju. – Ókeypis aðgangur.

ATHUGIÐ: Nánari upplýsingar um alla tónlistarviðburði verður að finna á [www.hjallakirkja.is](http://www.hjallakirkja.is) undir tónlistarstarfi.

## Skírnir í Hjallaprestakalli, mars 2009 til apríl 2009.

**1. mars**

**Sigurpáll Valmar Sigurgeirsson**  
Foreldrar hans eru Signý Björg Sigurjónsdóttir og Sigurgeir Sigurpálsson

**7. mars**

**Arna Bergþóra Sigurðardóttir**  
Foreldrar hennar eru Erna Bryndís Róbertsdóttir og Sigurður Þorgils Guðmundsson

**Bjarki Már Pétursson**

Foreldrar hans eru Hrafnhildur Fanngeldsdóttir og Pétur T. Gunnarsson

**8. mars**

**Friðrik Kári Magnússon**  
Foreldrar hans eru Bryndís Friðriksdóttir og Magnús Fjalar Guðmundsson

**Sófus Oddur Úlfarsson**

Foreldrar hans eru Sigríður Guðrún Guðjónsdóttir og Úlfar Már Sófusson

**Porvarður Gunnarsson**

Foreldrar hans eru Halla Katrín Kristjánsdóttir og Gunnar Porvarðarson

**14. mars**

**Matthías Sigurþórsson**  
Foreldrar hans eru Áslaug Unadóttir og Sigurþór Sævarsson

**Máney Líf Hákonardóttir Bridde**

Foreldrar hennar eru Fríða Dögg Finnsdóttir og Hákon Hermannsson Bridde

**15. mars**

**Ríkharður Freyr Alvarsson**  
Foreldrar hans eru Jóna Dóra Steinarsdóttir og Alvar Óskarsson

**22. mars**

**Alexander Þór Sindrason**  
Foreldrar hans eru Stella Rut Jensdóttir og Sindri Þór Kristjánsson

**4. apríl**

**Demian Óðinn Kristínuson**  
Foreldrar hans eru Kristína Haraldsdóttir og Terence Pruckle

**Edda Lilly Birkisdóttir**

Foreldrar hennar eru Dagný Gunnarsdóttir og Birkir Vagn Ómarsson

**5. apríl**

**Bjarki Freyr Sindrason**  
Foreldrar hans eru Kristín Vala Matthíasdóttir og Sindri Sveinsson

**Práinn Jón Elmarsson**

Foreldrar hans eru Harpa Harðadóttir og Elmar Pálmi Lárusson

**18. apríl**

**Elísabet Halla Hauksdóttir**  
Foreldrar hennar eru Jóhanna Gyða Hjartardóttir og Haukur Örn Steinarsson

**23. apríl**

**Inda Marý og Petra Metta Kristjánsdætur**  
Foreldrar þeirra eru Hansína Metta Jóhannsdóttir og Kristján Ingi Sigurðsson

**25. apríl**

**Valdís Inga Tjörvadóttir**  
Foreldrar hennar eru Anna Margrét Bjarnadóttir og Porvarður Tjörvi Ólafsson

**26. apríl**

**Líney Anna Baldursdóttir**  
Foreldrar hennar eru Hafdís Hrönn Reynsdóttir og Baldur Ingimar Aðalsteinnsson

